



Framvinduskýrsla 5

24.01.2014

Skrifað af Steingerði Hreinsdóttir –staðan í janúar 2014

Ennþá er ekkert að fréttu frá Brussel – þannig að við höldum okkar striki enn sem komið er. Verið er að vinna skilti fyrir þá staði sem útaf standa og ítarleg túrista bæklingur/bók er að líta dagsins ljós. Reynt verður að keyra öll námskeið eins hratt og hægt er til þess að koma þeim inn innan þess ramma sem við gætum þurft að halda okkur við (þ.e. stytt niður í 2 mánuði þegar að uppsögn kemur).

Við höfum haldið áfram að greina og máta viðskiptahugmyndir, sjá hvernig reksturinn geti sem best orðið sjálfbær.

Sá grunn kostnaður sem liggur í því að halda úti jarðvangi er eftirfarandi: - sjá minnispunkta frá fundi 23.4.2013

- Ársgjald til EGN - 1000 € - 170.000 ísk
- Þátttaka í fundum EGN erlendis tvisvar á ári 2 manneskjur - 1 milljón ísk
- Starfsmaður og bíll – 9.400.000 milljónir ísk –(má vissulega skiptast á milli fleiri en eins starfsmanns)
- Sími/tölvur/hýsing 400.000
- Kostnaður bókara/endurskoðun 600.000
- Kynningarkostnaður – 1.5 milljónir á ári
- Tenging við jarðfræðing- 500.000 ísk
- Eftirlitsaðili á 4 ára fresti - 600.000/4

Alls gerir þetta um 14 milljónir á ári

... tekjurnar í dag eru 3 milljónir frá sveitarfélögunum og 300.000 frá umhverfísráðuneytinu.

Staðan á reikningi félagsins 17.01.2014 er 3.232.319. Sveitarfélögin leggja 3.000.000 í jarðvanginn árið 2014.

Það vantar upb 8 milljónir til þess að þetta geti gengið ef við miðum við þessar forsendur.

Það þarf að útbúa tekjupóst: sú leið sem liggur beinast við er að búa til ferðaskrifstofu:

- 1) Ferðaskrifstofa sem liður í tekjuöflun verkefnisins og sjálfbærni jarðvangsins.
 - a. Þarna erum við að tala um áframhaldandi stuðning sveitarfélagsins – íþm til að byrja með, en með möguleika á öðrum tekjustofni.
 - b. Með þessu er ekki verið að fara inn á verksvið annarra fyrirtækja á svæðinu sem eru með ferðaskrifstofu heldur myndi þetta einungis bæta við sölumöguleikana inná svæðið
 - c. Það væri möguleiki að útbúa pakka til að selja – þar sem KGP myndi fá commission-öllum fyrirtækjum gæfist kostur á að vera með í pökkum á einn eða annan hátt. – hægt veri að selja slíka pakka á sölusýningum hérlendis og erlendis.
 - d. Það væri mögulegt að setja upp bókunarsíðu undir www.katlageopark.is, með paypal
 - e. Með því að sveitarfélögin tækju sig saman og myndu reka upplýsingamiðstöðvarnar í tengslum við KGP mætti vera með starfsfólk á sumrin sem ynnu undir nafni KGP og Sveitarfélagsins til að uppfylla bæði upplýsingagjöfina sem er lögbundin – og markaðssetningu og sölu sem má ekki fara saman.
 - f. Sala á jarðvangsafurðum og minjagripum gæti verið einn tekjupóstur í viðbót (umboðsala – eigin framleiðsla)

Aðal markmið jarðvangsins er að stöðva hagleka útaf svæðinu

Upplýsingamiðstöð jarðvangs- ekkert eðlilegra en að nýta þær upplýsingamiðstöðvar sem fyrir eru

EGN gerir kröfu til þess að haldið sé úti upplýsingamiðstöð fyrir jarðvanginn. Það eru fáir eins stórir jarðvangar í Evrópu og Kötlu jarðvangurinn þannig að það liggur beinast við að þær upplýsingamiðstöðvar sem fyrir eru þjóni að einhverju leiti því hlutverki þannig að ekki sé verið að búa til nýja upplýsingamiðstöð með tilheyrandi kostnaði.

Það er mjög áhugavert að vinna að því að fá bílaleigur, tryggingafélög og rútur til liðs við upplýsingamiðstöðvarnar, enda kominn tími til að þeir sem njóti taki að einhverju leiti þátt í kostnaði – ég hef verið að vinna að því með Markaðsstofu Suðurlands og Friði og Frumkröftum að skoða þá möguleika.

Ég fór á fund sem umhverfisstofa (Ragnhildur Sigurðardóttir) boðaði til vegna IPA fréttu. RS sagði að UMS vildi gjarnan koma að rekstri jarðvangs og m.a. væri verið að skoða það innanhús að koma á fót láglandis landverði í Skaftárhreppi sem mætti nýta í að fylgjast með áningastöðum og salernisaðstöðu í jarðvanginum.

Það er einboðið að best sé að þróa leið til þess að lækka kostnað við það að halda úti upplýsingamiðstöðvum allt árið í samvinnu sveitarfélaganna og annarra en það kæmi öllu samfélaginu til góða.

Eins og dæmin sýna þá eykst sala minjagripa í upplýsingamiðstöðvum ár frá ári. Þróun námsefnis gerir það að verkum að til eru pakkar sem nýtist til að selja skólahópum og fólki í fræðsluþörf. Einnig má útfæra pakkaferðir enn betur – hvort heldur sem er fyrir sumar eða vetur ferðamennsku og selja í gegnum þessa söluleið. Gönguleiðakortin og túristabæklingur sem verið er að vinna munu vera enn einn liður í tekjuöflun jarðvangsins og í vinnu með framleiðendum á svæðinu verða til ýmsar vörur til að selja innanupplýsingamiðstöðvanna/gestastofa.

Innan Styrks IPA eru peningar til þess að útbúa vefbókunarkerfi sem skapar tekjur fyrir jarðvanginn ásamt því að vera á sama tíma öflugt markaðstæki fyrir fyrirtækin á svæðinu. Til þess að nýta sem best þá möguleika sem felast í því að selja svæðið og fara að skapa tekjur til handa samfélaginu er möguleiki að stofna ferðaskrifstofu sem myndi bæði selja ferðir frá öllum þeim sem eru með ferðapjónustu á svæðinu og einnig eigin ferðir sem tengjast námsefni byggð á jarðfræði, landafræði og líffræði svæðisins.

Kostnaður við að koma upp ferðaskrifstofu/söluskrifstofu innan þessa tíma – sem myndi auka leiðir jarðvangsins til innkomu er eftirfarandi

Alferðatrygging: ... metin út frá því umfangi sem við teljum að jarðvangurinn verði að selja – trygging aldrei minna en 1.000.000 sem er eingreiðsla og lagt inn á reikning (eða verður til staðar í banka, upphæðin er endurskoðuð árlega eftir umfangi) – mat á alferðatryggingu 39 þúsund krónur í upphafi

Frjálsa ábyrgðartryggingin: um 150.000 á ári – fer eftir umfangi og sjálfsábyrgð.

Árgjald: ekkert árgjald en mat á tryggingu hjá endurskoðanda upb 25 þúsund krónur á ári.

Við höfum haldið áfram að ræða og kanna rekstur ólíkra eininga svo sem eins og Klasanna í jarðvanginum, upplýsingamiðstöðvanna og Markaðsstofu Suðurlands. Það er ljóst að allar þessar stofnanir eru að leita eftir því að kynna svæðið og koma því á framfæri. Það væri án efa best ef hægt væri að samþætta þennan rekstur á einhvern hátt það mætti alveg byrja á því t.d með því að stjórnir MSS og Jarðvangsins myndu ræða saman um hugsanlega samleið og þróa saman leið til þess að það geti virkað. Ferðaþjónustuaðilar vilja eins og allir aðrir í rekstri reyna að hámarka nýtingu sinna fjármuna og margir hafa lýst áhyggjum sínum yfir því að vera að greiða árs gjald í fleiri en eina stofnun.

Með því að halda áherslum jarðvangsins á byggðarþróunarvettvanginum ættum við að einfalda veruleika ferðaþjónustuaðila á svæðinu og leggja grunn að því að tryggja afkomu þeirra fjölskyldna sem hafa sitt lífibrauð af ferðaþjónustu byggða á styrkleikum svæðisins.

Staðan á IPA verkefninu í dag er þannig að ársskýrsla og endurskoðaður reikningur að upphæð rúmlega 240.000€ var sendur til Evrópu þann 15. nóvember sl. Í þeim reikningi kom ekki fram neitt mótframlag frá sveitarfélögum, Ferðamálastofu, Háskólafélaginu eða öðrum sem að verkefninu hafa komið. Kostnaður við salernisaðstöður er ekki heldur þar inni.

REKSTRAR- OG FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR - <i>Katla Jarðvangur</i>					
	2014	2015	2016	2017	2018
Eigið fé:					
Framlagt fjármagn stofnaðila	2.000.000				
Samtals	2.000.000				
FJÁRFESTINGAR:					
Sameiginlegt útlit fyrir Geoparkhorn í upplýsingamiðstöðum	1.500.000				
Samtals	1.500.000				

REKSTRARFORSENDUR - Katla Geopark					
Rekstrartekjur					
	2014	2015	2016	2017	2018
Tekjur m.v. gefnar forsendur					
Geopark vika	200.000	500.000	600.000	630.000	661.500
Sala minjagripir - kaffi og nasl	3.000.000	3.600.000	4.320.000	5.184.000	6.220.800
Sala gönguleiðakort	700.000	735.000	771.750	810.338	850.854
Sala kennslufni	300.000	315.000	330.750	347.288	364.652
Sala svæðisbók	500.000	525.000	551.250	578.813	607.753
Bókun þóknun	3.000.000	3.210.000	3.370.500	3.539.025	3.715.976
Dagsferðir	1.650.000	1.732.500	1.819.125	1.910.081	2.005.585
Leiga/nýting fjallakofa félagsheimila					
Námskeið	440.000	840.000	860.000	880.000	900.000
Viðburðir	100.000	200.000	500.000	550.000	600.000
Framlag Sveitafélaga vegna upplýsingamiðstöðva	4.150.000	4.213.000	4.277.260	4.342.805	4.409.661
Framlag Sveitafélaga vegna Katla Jarðvangur ses	6.000.000	3.656.200	3.500.000	3.500.000	3.500.000
Samtals tekjur	20.040.000	19.526.700	20.900.635	22.272.349	23.836.782
Rekstrarkostnaður í mkr.					
Launakostnaður;					
Laun 1 starfsmaður á árgsgrundvelli	7.200.000	7.344.000	7.527.600	7.715.790	7.908.685
3 Starfsmenn upplýsingamiðstöðvar 25% hlutfall	3.150.000	3.213.000	3.277.260	3.342.805	3.409.661
Launatengd gjöld 40%	4.140.000	4.222.800	4.321.944	4.423.438	4.527.338
Samtals:	14.490.000	14.779.800	15.126.804	15.482.033	15.845.684
Húsnæðis- og skrifstofukostnaður;					

Leiga á skrifstofu	300.000	315.000	330.750	347.288	364.652
Tryggingar	150.000	157.500	165.375	173.644	182.326
Skrifstofukostnaður	50.000	52.500	55.125	57.881	60.775
Vefsíða- hýsing	288.000	302.400	317.520	333.396	350.066
Auglýsingar og kynningarefni	1.000.000	1.050.000	1.102.500	1.157.625	1.215.506
Samtals:	1.788.000	1.877.400	1.971.270	2.069.834	2.173.325
Kostnaður vegna:					
EGN	170.000	172.040	174.104	176.194	178.308
Þátttaka á fundum EGN *2 pers*2 á ári	1.000.000	1.015.000	1.025.150	1.035.402	1.045.756
Geoparkviku	100.000	250.000	300.000	315.000	330.750
Minjagripir	900.000	1.080.000	1.296.000	1.555.200	1.866.240
Prentun	110.000	220.000	220.000	220.000	220.000
Dagsferða	165.000	173.250	181.913	191.008	200.559
Námskeiða	220.000	420.000	430.000	440.000	450.000
Viðburða	40.000	100.000	250.000	275.000	300.000
Fasteigna					
Samtals:	2.705.000	3.430.290	3.877.167	4.207.803	4.591.612
Annar kostnaður;					
Ófyrirséð 2% af veltu	400.800	390.534	418.013	445.447	476.736
Samtals:	400.800	390.534	418.013	445.447	476.736
Alls rekstrarkostnaður;	19.383.800	20.478.024	21.393.254	22.205.117	23.087.357
Fjármagnstekjur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00

REKSTRARÁÆTLUN - Katla Jarðvangur					
	2014	2015	2016	2017	2018
REKSTRARTEKJUR:					
Sölu tekjur:					
Tekjur framlag	10.150.000	7.869.200	7.777.260	7.842.805	7.909.661
Tekjur aðrar	9.890.000	11.657.500	13.123.375	14.429.544	15.927.121
REKSTRARKOSTNAÐUR					
Laun og launatengd gjöld	14.490.000	14.779.800	15.126.804	15.482.033	15.845.684
Húsnæðis- og skrifstofukostnaður	1.788.000	1.877.400	1.971.270	2.069.834	2.173.325
kostnaður	2.705.000	3.430.290	3.877.167	4.207.803	4.591.612
Annar kostnaður	400.800	390.534	418.013	445.447	476.736
REKSTRARKOSTN.	19.383.800	20.478.024	21.393.254	22.205.117	23.087.357
HAGNAÐUR (TAP) FYRIR FJÁRMAGNSLIÐI	656.200	-951.324	-492.619	67.232	749.425